

## Efni:

- ▶ Grindarhlið
- ▶ Vegframkvæmd

# KERHRAUNSFRETTIR

## Nýtt grindarhlið

Kæru Kerhraunarar

Eins og kom fram í tölvupósti til ykkar varðandi grindarhliðið þá var ráðist í mikla framkvæmd seinnipartinn í gær að setja nýja hliðið niður í vægast sagt fremur leiðinlegu veðri. Hafist var handa við að rífa upp gamla hliðið og undirstöðurnar og í beinu framhaldi af því að koma hinu nýja volduga hliði fyrir. Það er skemmst frá því að segja að veðrið fór heldur versnandi þegar leið á kvöldið og enduðum við öll á því að vera holdvot nema Hinrik sem var í sérstökum vatnsfatnaði.

Allavega er staðan núna sú að hliðið er komið á sinn stað og 5 mín. eftir að það var komið á sinn stað fór yfir það 30 tonna trukkur án þess að nokkuð færi úr skorðum þannig að vonandi er þetta hliðarvandamál leyst.

Til þess að fullkomna þetta verk þá á eftir að setja gönguhliðið sem á að vera við hliðana á ristarhliðinu og verður það gert við fyrsta tækifæri eða þegar að veðurfræðingur Kerhraunsins hún frú Belgíngur (Sóley) gefur GO og við treystum henni sko fullkomlega eftir daginn í gær:)))

Eitt mál í viðbót, það er rolla með eitt lamb inni í landinu og búin að vera þar í meira en viku og eftir 1 tíma og 20 mínútur eltingaleik þá tókst ekki að ná henni og hverjum er um að kenna læt ég ósagt.



Vakin er athygli á hinum stórgóðu flottu kösturum sem notaðir voru við verkið og redduðu málinu algjörglega við þessar aðstæður.

Ef einhverja vantar svona flóðlýsingu er bara að hafa sambandi við Hans á lóð 99 eða hringja í 896 4437 ...

## Vegframkvæmdir

Framkvæmdir munu hefjast á næstu dögum við að skipta um ræsi og bera ofan í veginn eins og ákveðið var að gera á síðasta aðalfundi og vonast stjórnin til að verkinu verði lokið eigi síðan en í lok mánaðarins. Biðjum við alla Kerhraunara að sína þessum framkvæmdum skilning því öll þessi vinna skilar okkur betri vegi.



Þessi mynd náðist af veðurfræðingi Kerhraunsins rétt eftir að hún sendi út veðurlýsinguna fyrir gærðaginn. Er ekki smá glott á henni????